

Námskrá fyrir elstu börnin í leikskólum Kópavogs

”
”



Skýrsla um þróunarverkefni

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur.....	3
Námskráin.....	5
Lýðræði í leikskólum.....	7
Leikskólanám.....	15
Nám fimm ára barna.....	18
Leikskóli og grunnskóli – ólíkir og líkir. Tengsl skólastiga.....	23
Uppbygging námskrár fyrir elstu börnin í leiksk. Kóp. – námskrárgögn.....	25
Samantekt	27
Heimildaskrá.....	28

Titiltexti: Máni Snær 5 ára í Urðarhóli/Skólatröð.

Mynd á forsíðu: Svanur Þór Vilhjálmsson í Dal í rannsóknarhugleiðingum.

Inngangur

Kveikjan af því verkefni sem hér verður fjallað um voru umræður í samfélaginu og á meðal leikskólakennara um skólakerfið almennt og nám leikskólabarna, einkum þeirra elstu. Hvernig læra fimm ára börn mest og best?

Félag leikskólakennara (25.feb, 2005) hefur hvatt til að gerð verði sérstök námskrá fyrir hvern aldurshóp í leikskólanum. Með því móti sé leikskólastarf gert sýnilegra og auðveldara að kynna það foreldrum, rekstraraðilum leikskóla og samfélaginu öllu.

Nefnd til að skoða nám elstu barnanna í leikskólum Kópavogs, var kosin á fundi leikskólastjóra þann 14. janúar 2003. Nefndina skipuðu: Brynja Björk Kristjánsdóttir, leikskólastjóri í Arnarsmára, Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, leikskólakennari í Núpi, Guðrún Björnsdóttir, leikskólakennari í Urðarhóli, Hrönn Valentínusdóttir, leikskólastjóri í Rjúpnahæð, Jóhanna Thorsteinson, leikskólastjóri í Álfatúni og Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi. Guðlaug Sjöfn hætti störfum í nefndinni haustið 2004 og Jóhanna Thorsteinsson haust 2005. Stefanía H. Finnbogadóttir, leikskólakennari/deildarstjóri í Smárahvammi tók sæti í nefndinni í ársbyrjun 2006.

Nefndin hélt 20 fundi og á milli funda unnu nefndarmenn að heimildaöflun, úrvinnslu skrifum og þælingum. Einnig voru 4 fundir með verkefnastjórum.

Nefndin ákvað fljótlega að vinna að einskönar námskrá eða áætlun fyrir elstu börnin í leikskólum Kópavogs. Námskrá sem ætlað væri að tryggja að börnin þroskist og læri sem mest og séu sem best undirbúin til að takast á við líf og starf og áframhaldandi skólagöngu.

Nefndarmenn yfirfóru mjög mikið lesefni við að afla sér gagna í starfi sínu. Sumu af því lesefni eru gerð skil hér í heimildalista og skrá yfir lesefni.

Eitt af fyrstu verkum nefndarinnar var að kanna hvað yrði um þau börn sem hættu 5 ára í leikskólum í Kópavogi, þ.e. fyrir síðasta leikskólaárið. Alls var um að ræða fjörutíu og sex börn á árinu 2002. Fimmtán þeirra fóru í aðra leikskóla í Kópavogi og sextán í leikskóla í öðru sveitarfélagi. Fimm fóru í fimm ára bekk grunnskóla. Níu fluttu burt og var ekki vitað hvort þau fóru í leikskóla í nýjum heimkynnum. Eitt barn var heima. Þannig að a.m.k. þrjátíu og eitt héldu áfram í leikskóla og ætla má að svo hafi einnig verið um flest þeirra níu sem fluttu burt.

Námskráin fyrir elstu börnin í Kópavogi hefur vakið talsverða athygli á vinnslutímanum. Hún var kynnt leikskólanefnd Kópavogs 19. maí 2004. Einnig var námskráin kynnt víðar, m.a. á fundi leikskólafulltrúa vorið 2004, fundi faghóps leikskólastjóra þann 15. október 2004, á aðalfundi FL. 25. febrúar 2005, á fundi Grunns sem haldinn var á Akureyri 20.maí 2005, á haustþingi leikskóla á Suðurlandi 23.sept. 2005 og á málþingi Rannsóknarstofnunar Khí 7. okt. 2005.

Námskráin var kynnt aðstoðarmanni menntamálaráðherra þann 6. desember 2004.

Haustið 2004 var námskráin tilbúin til prófunar og skólaárin 2004 - 2005 og 2005-2006 var unnið eftir henni í öllum leikskólum Kópavogs. Verkefnastjórar í hverjum leikskóla, alls sextán skólum, sáu um framkvæmd hver á sínum stað. Endurskoðun fór fram vorið 2005 og

2006 fyrir endanlega útgáfu. Námskráin er ekki nákvæm útfærsla, eða verkefnalisti, heldur rammi sem hver leikskóli aðlagar sínum starfsaðferðum og aðstæðum.

Námskeið

Nefndin stóð fyrir tveimur námskeiðum og það þriðja er fyrirhugað.

Fyrst var námskeiðsdagur um námskrá fyrir 5 ára börn sem haldið var þann 30. sept. 2004. Var námskeiðsdagurinn hluti af sameiginlegri námskeiðsáætlun fyrir starfsmenn leikskóla Kópavogs og fleiri bæjarfélaga. Á námskeiðinu var farið yfir námskrána og fylgigögn. Fyrirlestrar voru um: Þróun læsis og LTG aðferðina, stærðfræði í leikskóla, fljótandi námskrá, bibbulabbaverkefni, söguaðferðina og könnunaraðferðina

Næsta námskeið var sameiginlegt með kennurum sex ára barna í grunnskólum Kópavogs var haldið 18. ágúst 2005. Yfirskrift þess var: Skapandi ferli – könnunaraðferðin. Leiðbeinandi var Kristín Hildur Ólafsdóttir lektor við Khí. Tilgangur námskeiðsins var m.a. að leita leiða til að tengja saman leik- og grunnskólastarf og skapa þannig samfellu í námi barnanna. Komust færri að en vildu á námskeiðið, en jafn margir þátttakendur voru frá hvoru skólastigi. Var það álit þátttakanda að aðferðin hentaði vel á báðum skólastigum.

Fyrirhugað er að halda þriðja námskeiðið haustið 2006, sameiginlega með kennurum elstu barnanna í leikskólunum og yngstu barnanna í grunnskólunum. Fjallað verður um læsi og lestur. Leiðbeinandi verður Dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Khí.

Hugtakanotkun

Nefndin ræddi sérstaklega hugtakanotkun í leikskólastarfi. Nefndin hafnar því að starf með elstu börnunum í leikskólum Kópavogs sé í einhverjum tilfellum kallað „skólastarf eða skólahópar“. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslenska menntakerfinu og starfsmenn leikskóla þurfa að leggja áherslu á að svo sé. Leikskólabörn eru í skóla! Nefndarmenn telja að ekki eigi að aðgreina þetta starf og nám elstu barnanna frá öðru starfi og námi í leikskólanum með því að nota sérstök hugtök þó að elstu börnin fái hér sérstaka námskrá í samræmi við aldur og þroska. Hver aldurshópur lærir á sinn hátt. Þessi námskrá er hluti af leikskólastarfinu og elstu börnin eru t.d. í hópstarfi eins og önnur leikskólabörn. Nefndin var sammála um að nota orðið kennari yfir alla þá sem sinna kennslu og uppeldi barna í leikskólum (sem og grunnskólum). Nefndin var einnig sammála um mikilvægi þess að nota orðið grunnskóli (ekki aðeins skóli) yfir það skólastig sem tekur við af leikskólastigi.

Þróunarstyrkir

Þróunarsjóður leikskóla Kópavogs styrkti verkefnið tvívegis myndarlega, árin 2004 og 2005. Einnig hlaut verkefnið styrk úr Þróunarsjóði leikskóla í Menntamálaráðuneytinu 2005, einkum sá þáttur er sneri að lýðræði í leikskólastarfi. Erú hér með færðar bestu þakkir fyrir styrkina sem gerðu í raun mögulegt að framkvæma verkefnið með þeim hætti sem varð.

Námskráin

Markmið með námskránni er:

- Að tryggja að öll fimm ára börn í leikskólum Kópavogs takist á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt leikskólaverkefni í samræmi við aldur sinn og þroska, einstaklingslega og í hópi - af því að börn þurfa að fá að takast á við lífið og starfið og reyna á hug og hönd
- Að fimm ára börn í leikskólum Kópavogs takist á við skólastarf sem er byggt á þekkingu á því hvernig börn á þessum aldri læra mest og best - af því að börn eiga að fá tækifæri til að læra eins mikið og hægt er á hverjum tíma og eftir leiðum sem hæfa aldri þeirra og þroska
- Að börnin takist á við nám sem byggt sé á áhugahvöt og virkni þeirra - af því að þannig er best tryggt að börnin læri mest
- Að gera starf og nám fimm ára barna í leikskólum Kópavogs sýnilegra
- Að auðvelda kennurum í leikskólum Kópavogs að byggja upp gott starf með elstu börnum leikskólans og miðla til foreldra og annarra í hverju það er fólgið

Námskráin eru unnin út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Fimm ára börn eru eins og önnur leikskólabörn mjög opin fyrir námi, virk og forvitin
- Börn eru alltaf að læra, við allar aðstæður
- Fimm ára börn læra mest og best í samræmi við hefðbundnar starfsaðferðir leikskóla
- Virkni barna og áhugahvöt eru grundvöllurinn að námi barna á þessum aldri
- Barn sem líður vel á auðveldara með að tileinka sér nám

Námskráin byggist á og er unnin út frá námsviðum leikskólastarfs eins og þau eru sett fram í aðalnámskrá. Er vísað til Aðalnámskrár leikskóla hvað varðar umfjöllun um hvert námsvið. Námsviðin eru tengd námsgreinum grunnskóla, þroskaþáttum og greindarflokkun sbr. fjölgreindarkenningu Howards Gardners. Með því að tengja þannig saman námsvið leikskóla og námsgreinar grunnskóla er stuðlað að tengingu milli skólastiganna og gert sýnilegra í hverju tengingin felst. Nám á báðum skólastigum tengist svo fjölgreindarkenningunni. Námskráin lýsir þeim námsþáttum sem börnin eiga að takast á við. Hún lýsir starfi barnanna og upplifunum.

Mat:

Mat á verkefnunum og framgöngu barnanna byggist á eftirfarandi:

1. Verkefni er gott ef börnin taka sjálfviljug þátt í því

Kennarar spyrja sig því þessarar spurningar: Tóku börnin sjálfviljug þátt í verkefninu eða hefðu þau gert eitthvað annað hefði verið val um það?

2. Kennsla er árangursrík ef börnin koma fram með áhugaverðar hugmyndir og vangaveltur

Kennarar spyrja sig eftirfarandi spurningar: Voru börnin virk og áhugasöm? Komu þau fram með hugmyndir og vangaveltur?

Með því að byggja á áhugahvöt og virkni er tryggt, svo sem kostur er, að hvert barn fái nám við hæfi og læri á sinn sérstaka hátt eins mikið og því er unnt. Þarna er því um að ræða einstaklingsmiðað nám.

Matsaðferðin er fengin að láni úr leikskólastefnu sem kennd er við Kamii og DeVries (1977). Sú stefna byggir í grunninn á kenningum og rannsóknum Jean Piagets.

Námskráin nær til allra þátta leikskólastafsins, enda eru börn alltaf að læra.

Börnin takast á við fjölbreytt, krefjandi verkefni, þar sem reynir á hæfni þeirra á ótal sviðum. Má þar nefna að vinna sjálfstætt, einstaklingslega og í hópi, að fylgja leiðsögn, einbeita sér og beita ólíkum verkfærum.

Fjölbreytilegt umhverfi og aðstaða hefðbundins góðs leikskóla inni og úti gefur möguleika til að börnin njóti þess besta náms sem hægt er að hugsa sér fyrir þennan aldurshóp.

Hvernig gekk?

Það er mat verkefnastjóra leikskólanna að vel hafi tekist til með námskrána. Hér á eftir eru dæmi um umsagnir úr lokaskýrslum þeirra:

„Námskráin er greinargóð og skýr“. „Námskráin auðveldaði einnig kennurum að tengja verkefnið þeim markmiðum og leiðum sem“. „...mér finnst hún [námskráin] bara orðin nokkuð glæsileg og hún sýnir hvað við erum að vinna skemmtilegt, þroskandi og uppbyggilegt starf með börnunum“. „Námskráin er góður gátlisti fyrir okkur, með henni er auðvelt að sjá hvar við stöndum okkur vel og eins hvar við megum bæta okkur“. „Það er gott að geta skoðað hvar námsþættirnir skarast og gefur góða yfirsýn“. „Þegar við endurmetum starfið á deildinni er námskráin alltaf höfð til hliðsjónar.....“. „Námskráer alveg frábært blað og kennir okkur öllum að vinna vel að öllum þeim þáttum sem leikskólastarf býður upp á og það snýst um“. „Námskráin er mjög vel útfærð á skýran og aðgengilegan máta, hún er þarft vinnugagn fyrir okkur kennara og gerir starf okkar sýnilegra fyrir aðra“. „Mjög aðgengilegt hvernig námskráin var sett upp, bæði vísað í fjölgreindir, þroskaþætti, markmið og leiðir...“ „Hún [námskráin] hjálpar okkur að sjá hvort við erum að veita börnunum nægilega margvísleg tækifæri til að öðlast alla þá reynslu sem barnið fýsir í og þarfnast til að þroskast og dafna sem best.“

Mörgum verkefnastjórnanna finnst erfitt og tímafrekt að nota mats- og skráningarblöðin, og sumir notuðu þau lítið. Þeir sem orðið er tamt að nota þau eru ánægðir, þeim finnst þau nýtast vel í endurmati á starfinu og fyrir undirbúning foreldraviðtala.

Svo virtist sem sumir verkefnastjórnanna hefðu ekki gert sér fyllilega grein fyrir matsaðferðinni og forsendunum að baki hennar.



Lýðræði í leikskólum

Í meginmarkmiðum leikskólastarfs sbr. lög um leikskóla (1994), segir að í leikskólum skuli lagður grundvöllur „...að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.“ Í kafla um lífsleikni í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir: „Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Það skal taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati“ (bls. 16).

Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara (2000) segir: „Leikskólanum er ætlað að stuðla að og styrkja lýðræðishefðina. Til þess verður starf hans að spegla þá menningu og þau viðhorf sem lögð eru til grundvallar lýðræðisgildum.“

Lýðræði byggist á því að hver þjóðfélagsþegn taki virkan þátt í að móta og stýra samfélaginu. Til þess þarf hann að vera gagnrýninn í hugsun, geta séð málin frá mörgum sjónarhornum og geta staðið á sínu, staðist áróður og almenningsálit.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1989, sem Ísland hefur staðfest, er tekið fram að börn eigi „rétt á að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þau sjálf“. Þarna er því gert ráð fyrir barninu sem lýðræðisþegn. (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, stytt útgáfa).

Fljótlega var ákveðið að leggja í námskránni fyrir elstu börnin í Kópavogi, sérstaka áherslu á að börnin notuðu lýðræðisleg vinnubrögð og þróa leiðir til að vinna að lýðræði barnanna í leikskólastarfinu.

Samkvæmt skilgreiningu Jones og Cooper (2006) fjallar lýðræði (eins og leikur) um:

- Að taka ákvarðanir
- Að semja um valkosti
- Að taka sameiginlega ákvörðun.

Vinátta og samvinna barna stuðlar að hæfni þeirra til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Í leik verða börnin að læra að skiptast á og gefa eftir en líka að standa fast á eigin hugmyndum. Að starfa í leikskóla í anda lýðræðis er ekkert einfalt mál. Þær Jones og Cooper segja að í leikskóla þar sem lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð, séu fleiri vandamál á yfirborðinu, en þar sem lög og reglur og stjórnsemi kennarans ræður ríkjum. En það eru margfalt fleiri tækifæri til að hlusta á skoðanir annarra, standa á sínu og læra að virða sjálfan sig og aðra sem manneskur með réttindi og skoðanir (Jones og Cooper, 2006).

Í leikskólanum er verið að móta framtíðarþegna samfélagsins. En hvernig verður sú framtíð sem við erum að búa börn undir? Við vitum það eitt að hún verður ólík nútímanum.

Ýmsir hafa reynt að sjá fram í tímann og setja fram hvaða hæfni og þekking muni koma börnunum best að notum í framtíðinni.

Á vefsíðu Partnership for 21st Century Skills er að finna ýmsar skýrslur og greinargerðir þar sem reynt er að rýna í framtíðina. Þar er talið að vinnumarkaður framtíðarinnar þarfnist fólks sem getur:

- lært
- skapað nýja þekkingu
- tileinkað sér nýja tækni
- unnið markvisst úr upplýsingum
- tekið ákvarðanir
- átt samskipti við fólk.

Árið 1999 kom saman hópur fræðimanna í Bandaríkjunum, þar á meðal Sue Bredekamp og Richard M Clifford, á ráðstefnu sem ætlað var að rýna inn í framtíðina og sjá fyrir veröldina

árið 2010. Á bls. 3 undir „Framtíðarsýn (vision) okkar“ stendur m.a.: „Öll börn þurfa að eiga réttlátan aðgang að tækifærum til að efla og sig og undirbúa eins og nauðsynlegt er til að vera fær um að taka til fulls þátt í lýðræðinu. Þarna er átt við félagslega, fjárhagslega, pólitíska og menningarlega þátttöku. Það krefst einnig þeirrar hæfni og reynslu sem nauðsynleg er til að verða virkir þátttakendur og ábyrgir borgarar“.

Mikil áhersla er lögð á hæfni fólks til samskipta og þá ekki síst samskipta við ólíkt fólk, t.d. hvað varðar kynþætti, menningu, kyn og fl.

Þróunarverkefni um lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólum Kópavogs

Ákveðið var að hver leikskóli veldi sér leið eða aðferð til að gefa börnunum kost á að taka lýðræðislegar ákvarðanir eða bera ábyrgð í leikskólunum, en í lýðræði felast bæði réttindi, skyldur og ábyrgð á samferðamönnum og umhverfi.

Verkefnin sem leikskólarnir völdu sér voru ólík og framkvæmd einnig. Lýðræðisverkefninu var ætlað að ná til elstu barnanna en yngri börn tóku einnig þátt að einhverju leyti. Verkefnastjórar í hverjum leikskóla höfðu umsjón og ábyrgð á framkvæmd.

Hér er listi yfir þær aðferðir og viðfangsefni sem leikskólarnir völdu að vinna með:

1. Að taka þátt í að skipuleggja og útfæra val og valkerfi fyrir leikskólann. Þátttaka í vali leikskólans gefur einnig margvísleg tækifæri til að taka ákvarðanir
2. Börnin skiptast á að vera veðurfræðingar og ákveða hvernig útiklæðnaður væri nauðsynlegur þann daginn
3. Að taka ákvarðanir um skipulag á nýrri „deild“
4. Lýðræði sem rauður þráður í leikskólalífinu; við allar aðstæður var haft í huga að auka rétt barna til ákvarðanatöku og að auka ábyrgð þeirra. Áherslur leikskólans t.d. Lífsmennt (Living Values) og sjálfræði (autonomy) bera í sér lýðræði
5. Að börnin kjósi formlega um ýmislegt, t.d. hvaða bók eigi að lesa. Börnin fara að eigin frumkvæði að nota kosningu til að leysa úr ágreiningsmálum
6. Að læra að velja og hafna
7. Að börnin leysi sjálf ágreiningsmál t.d. með því að kennarar noti setninguna: „Hvað ætlar þú að gera í því?“ þegar barn ber undir hann ágreiningsmál
8. Að börnin móti umgengnis eða samskiptareglur á lýðræðislegan hátt
9. Að vinna með könnunaraðferðina eða aðferðir í anda Reggio Emilia í þemavinnu
10. Að börnin taki þátt í gerð námskrár þ.e. ákveði verkefni og dagskrá
11. Að bera ábyrgð á einhverjum þáttum starfsins eða svæðum í leikskólanum. Börnin skiptast á og sjá oft einnig um að útfæra og sjá út hver á að vera ábyrgðarmaður eða aðstoðarmaður þann daginn
12. Lýðræði í daglega lífinu, s.s. matartímum og hvíld
13. Börnin stjórna söngstund eða leikjum í hópvinnu
14. Börnin taka þátt í gerð matseðils leikskólans ásamt matráði
15. Eldri börn aðstoða yngri börnin

Hér fyrir neðan er smá útdráttur eða lýsing frá hverjum leikskóla:

Furugrund:

Elstu börnin höfðu umsjón með frágangi í fataherbergi.

Tvö börn voru umsjónarmenn í einu. Börnin sáu sjálf um að skrá á viðeigandi blað hver var umsjónarmaður hverju sinni. Umsjónarmennirnir fóru yfir hólfrá hvers barns og létu viðkomandi vita ef þörf var á betri umgengni.

Verkefnið varð til að styrkja þau börn sem voru óframfærin. Börnin yfirfærðu aðferð við skráningu yfir á skráningu við notkun tölvu inni á deilum. Auk þess var áhersla lögð á að börnin bæru virðingu fyrir hvort öðru, tækju tillit hvort til annars og lærðu að leysa ágreining. Þau voru hvött til að hlusta á sjónarmið hvers annars og leysa vanda á lýðræðislegan hátt.

Álfaheiði

Lýðræði í gegnum námsefnið Lífsmennt (Living values)

Tvö börn saman báru ábyrgð á fjórum verkefnum yfir daginn: Þrif á fataherbergi og snyrtingum; leggja mottur fyrir sögustund, ganga frá eftir mat og hressingar og að vera fyrst og síðust í röð í sal fyrir hádegisverð.

Verkefnin reyndu mikið á samvinnu og að þau tvö börn sem hverju sinni voru umsjónarmenn kæmst að samkomulagi um verkefnið eða hjálparstörfin eins og börnin kölluðu þau. Miklar framfarir sáust hjá börnunum hvað þetta varðar og má nú vart greina ágreining milli þeirra. Þau hafa einnig tekið miklum framförum í að tjá tilfinningar sínar og þarfir.

Í lífsmennt er lýðræði byggt upp t.d. er lögð rík áhersla á að börnin leitist við að leysa ágreining, sem upp kemur, á eigin spýtur. Einnig að börnin ræði saman og komist að sameiginlegri niðurstöðu og að þau aðstoði hvert annað að eigin frumkvæði. Með þetta var unnið í öllu starfi leikskólans.

Smárahvammur:

Að börnin velji með kosningu.

Kosið var um ýmislegt. Nafn á hópnum, hlutverk í jóllaleikriti, viðfangsefni í málörvunar- og spilahóp, bók í sögustund og mat á bókum. Mismunandi aðferðir voru notaðar við kosninguna.

Að kjósa tók oftast talsverðan tíma, en á ferlinu lærðu börnin margt, þau lærðu að tjá sig, standa á sínu og sætta sig við að vera í minnihluta. Þau sættu sig betur við niðurstöðuna, t.d. að fá ekki draumahlutverkið í leikritinu af því að það var barnahópurinn en ekki kennarinn sem tók ákvörðunina. Ýmis ágreinings- og álitamál komu upp t.d. var tímabundið notuð leynileg kosning þegar í ljós kom að hluti barnanna hneigðist til að kjósa það sama og „vinurinn“. Þau lærðu ýmis konar lýðræðislegar aðferðir sem hópur getur notað til að taka ákvarðanir og eiga nú frumkvæði að því að nota þær. Börnin eru farin að stjórna kosningum meira en áður.

Einnig var farið að vinna eftir Könnunaraðferðinni (The Project Approach) í hópstarfi en í þeirri vinnu koma sjónarmið og hugmyndir barnanna fram og unnið er út frá þeim.)

Þar sem megin stefna Smárahvamms byggist á sjálfræði (autonomy) er stöðugt verið að vinna að lýðræði í öllu daglegu starfi.

Marbakki:

Að börnin læri að velja og hafna.

Að velja og hafna var haft í huga allan daginn og við allar aðstæður. Lögð var rík áhersla á val og að virða val hvers og eins. Dæmi: Valtafla þar sem börnin velja ákveðið rými til að leika sér á. Hvert barn velur hvort það fer út fyrir eða eftir hádegi. Þegar börnin spyrja t.d. um hvernig þau eigi að klæðast úti fá þau svar s.s.: „hvað finnst þér?“

Börnin eru nú að mati kennaranna meðvitaðri um eigin vilja og eigin ákvarðanir.

Fífusalir:

Að vera aðstoðarmaður í táknmálsstund.

Hlutverk aðstoðarmanns var að hjálpa heyrnarlausum starfsmanni sem stjórnar stundinni. Aðstoðarmaður velur í samráði við starfsmann verkefni dagsins t.d. bók. Hann gætir þess að hljóð sé í barnahópnum, aðstoðar við að fletta bókum og söngtextum eða að koma sjónvarpi fyrir. Hann skiptir um táknmálsspjöld fyrir mánuð, dag, veður o.fl. Loka táknmálsstundinni og bjóða til borðs. Val er tvisvar á dag.

Börnin eru mjög áhugasöm og ánægð með að vera aðstoðarmenn.

Dalur:

Unnið var með setninguna: „Hvað ætlar þú að gera í því?“ Börnunum er ekki gefin lausn vandamáls, en þeim er hjálpað til að leysa það sjálf. Sama á við um deilur. Val er hluti af lýðræðisverkefninu svo og að vera þjónn í hádeginu og umsjónarmaður fataherbergis. Einnig að meta útiklæðnað m.t.t. veðurs.

Í vali velja börnin sér leiksvæði. Þjónar sjá um að leggja á borð, sækja matinn í eldhús og bjóða til borðs. Umsjónarmaður í fataherbergi sér um að það sé snyrtilegt og sækir ef þarf þá sem betur þurfa að ganga frá. Veðurfræðingur athugar hvernig veðrið er og metur þörf á útiklæðnaði fyrir öll börnin.

Lögð er áhersla á góða samskiptahætti, virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum annarra og að fólk er ólíkt.

Kópahvoll

Börnin ákváðu sjálf hvernig útiklæðnaður þeirra var. Elstu börnin aðstoðuðu yngri börn í fataherberginu. Eitt barn í einu stjórnaði söngstund.

Börnin kynntu sér veðrið og ákváðu út frá því hvernig þau klæddu sig. Leyfilegt var að gera mistök innan skynsamlegra marka.

Börnin efldust, urðu sjálfstæðari og ábyrgðartilfinning þeirra jókst. Börnin áttuðu sig á samhengi veðráttu og fatnaðar. Að hjálpa yngri börnunum yfirfærðist á aðrar aðstæður.

Efstihjalli:

Barnahópurinn samdi saman samskiptareglur. Einnig var umsjónarmaður í fataherbergi og börnin stjórnðu leikjum í hópvinnu. Aukin áhersla var lögð á að allir hjálpist að við að ganga frá í lok hópvinnu.

Hópurinn þurfti að koma sér saman um hvaða reglur ættu að vera og hvernig þær væru. Umsjónarmaður í fataherbergi sér um að vel sé gengið um og að börnin gangi sjálf frá sínum fötum. Umsjónarmaðurinn setur upp spjald með nafninu sínu í fataherbergið þannig að allir viti hver er umsjónarmaður þá vikuna. Í byrjun hvefarr hópinnustundar er farið í leiki og börnin skiptast á um að sjá um að ákveða leikina og stjórna þeim. Þau fylgdust sjálf með því að allir fengu að vera stjórnendur.

Í ljós kom að í fyrstu urðu reglurnar of margar. Síðar var ákveðið að hafa þær færri, eða aðeins fimm. Hver regla hefur sinn lit og er skráð skýrum stöfun á spjald í viðeigandi lit.

Grænatún:

Unnið með ábyrgðarhlutverk og ákvarðanatöku barnanna.

Umsjónarmenn, tvö börn í eina viku í senn, bera ábyrgð á að „hafa fínt“ í fataherbergi og að bækur í bókaskápnnum séu vel raðaðar. Barnahópurinn tók sjálfur ákvörðun um hvert væri hlutverk umsjónarmanns. Þá er einn aðstoðarmaður við hvert borð í hádegismatnum, hann nær í meiri mat ef vantar og sópar og þvær af borðum eftir matinn.

Börnin eru mikið höfð með í ákvarðanatöku, t.d. þegar ákveða á skemmtiatriði, þá eru tillögur skráðar niður og atkvæði greidd. Einnig ákveður barnahópurinn oft hvað á að gera í hreyfingu í sal. Gert var átak í því að fá börnin til að reyna að leysa ágreining sem kemur upp á milli þeirra sjálf.

Börnin koma nú minna til kennaranna en áður og kvarta, heldur leysa ágreining meira sjálf. Treysta meira á sjálf sig.

Auk þessa bera þjónar ábyrgð á borðhaldinu og veðurfræðingur sem athugar með veðrið auk þess að hafa fleiri hlutverk.

Rjúpnahæð:

Að hafa umsjónarmann fataherbergis. Að vinna með könnunaraðferðina (The Project Approach).

Umsjónarmaður fataherbergis sá um að það væri snyrtilegt. Unnið var eftir könnunaraðferðinni með hópunum þar sem uppspretta fjölbreyttra verkefna var eitthvað sem börnin komu með. Unnið var með hvert verkefni í langan tíma og það þróaðist út frá áhuga barnanna. Dæmi voru verkefni um Effelturninn, sem spratt út frá steinum sem eitt barn sagðist hafa fundið undir Effelturninum í sumarleyfinu, og langtímaverkefni um eldfjallið Heklu sem spannst út af hraunmola sem eitt barnanna kom með.

Að hafa umsjónarmann fataherbergis gekk vel fyrra árið en síðari veturinn ekki nema í fyrstu þegar leikskólakennarinn hélt utan um það. Hann fól síðan öðrum starfsmanni að taka við af sér en af einhverjum ástæðum gekk það ekki sem skyldi. Þess má geta að mikil mannekla og erfiðleikar í starfsmannahaldi höfðu áhrif á starfið í skólanum almennt.

Núpur:

Þróað var valkerfi. Veðurfræðingur.

Valið er alla daga nema föstudaga. Börnin sjá alfarið sjálf um að velja sér svæði til að leika sér og vinna á. Þau geta skipt um valsvæði þegar þau vilja. Takmarkaður fjöldi er á hverju svæði þannig að börnin verða að taka tillit til þess þegar þau velja eða færa sig á milli svæða. Markmiðið með valfyrirkomulaginu er að börnin læri að taka ákvarðanir um eigið líf. Með því gefist þeim tækifæri til að þróa með sér hæfileika til að taka lýðræðislegar ákvarðanir seinna á lífsleiðinni. Byrjað var að hafa veðurfræðing sem lýsir veðrinu og ákvarðar hvernig á að klæðast þegar farið er út. Hin börnin þurfa að hlusta og taka mark á veðurfræðingnum, einnig mega þau segja hvað þeim finnst sjálfum og umræður um æskilegan útifatnað koma upp.

Könnunaraðferðin var notuð í hópvinnu.

Fagrabrekka:

Börnin sem þátttakendur í að móta námskrá. Lýðræði sem rauður þráður gegnum allt leikskólastarfið.

Börnin taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval, standa fyrir og rökstyðja skoðanir sínar. Börnin deila með sér efniðviði og takmörkuðu rými. Hópurinn tekur ákvarðanir um hvað eigi að gera t.d. fara í leiki, sumir vilja segja sögu, syngja fyrir hina o.s.frv. Börnin ákveða t.d. hvað er gert í hreyfisalnum. Þau eru í rólegum leik ef þau vilja það t.d. kemur fram á mynd að tvö börn sátu og spiluðu á spil á borði sem þau bjuggu til úr einingakubbum á meðan hin voru flest í ýmsum hreyfileikjum og tækjum.

Í þemavinnu er unnið út frá áhuga barnanna hverju sinni.

Kópasteinn:

Unnið var með lýðræði í daglegu starfi.

Börnin voru hvött til að taka ákvarðanir er vörðuðu þau sjálf. Í hádeginu velur hver nemandi hvar hann situr, enginn á sérstakt sæti. Á öðru borðinu situr enginn kennari, heldur bera börnin sjálf ábyrgð á borðhaldinu. Í fyrstu var kapphlaup um að sitja við borðið þar sem enginn kennari var, en þá var haldinn fundur þar sem börnin ákváðu að skiptast á.

Í hvíld ákveður hver og einn nemandi hvar hann liggur. Ef einhverjir tveir trufla þá ákváðu börnin að þeir fengju ekki að vera hlið við hlið næsta dag. Sama átti við um borðhaldið. Börnin lærðu einnig að taka ábyrgð á fatavali í útiveru.

Börnin lærði í ferlinu og af vandamálunum sem upp komu. Þau lærðu að taka tillit til hvers annars og taka afleiðingu gjörða sinna. Sá þáttur að börnin ákveddu útiklæðnað sinn hefur gengið frábærlega vel, vinna kennarans hefur léttst mikið, laus við allt taut og nöldur um að vera að kafna, kyrkjast eða gráta vegna þess að barn vill klæða sig öðruvísi en kennarinn skipar. Með þessu móti læra nemendur sjálfræði á margan hátt og bera ábyrgð á hegðun sinni.

Urðarhóll

Vinna almennt með lýðræði. T.d. umsjónarmenn í matartíma. Kennarar og börn koma sér saman um reglur við ýmsar aðstæður þar sem reynir á samskipti. Kennarar nota setninguna: „Hvað ætlar þú að gera í því“ Börnin tóku sjálf upp á því að leggja niður dýnur fyrir hvíldina hjá litlu krökkunum.

Í upphafi verkefnisins kom fyrirlesari á kennarafund og fjallaði um lýðræði í leikskólum. Reglur sem kennarar og börn komu sér saman um voru t.d. að vera góð hvert við annað, ekki skilja útundan, þau sem trufla í samverustund þurfa að fá aðstoð, þau sem kasta grjóti úti (eða gera eitthvað hættulegt) og eru ekki tilbúin að hætta verða að vera inni.

Haldinn var fundur með börnunum um hvernig þau ættu að skiptast á um að leggja niður dýnurnar og börnin sjá nú sjálf um að merkja við.

Í skýrslu verkefnastjóra segir m.a: Lýðræðisverkefnið varð ómarkvisst, en verið er að vinna margt á lýðræðislegan hátt „... við gáfum okkur ekki tíma í það, tíma til að hugsa og spyrja okkur hvar og hvernig getum við best æft okkur í lýðræðislegum vinnubrögðum. Svo er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja, við erum svo fljót að ákveða hlutina að við gleymum að gefa börnunum tækifæri“ Margt mætti gera betur og þá helst að þjálfa börnin í að segja sína skoðun og að eitthvað sé gert með þeirra hugmyndir. Þjálfa þau í að bera ábyrgð og meta sjálf það sem þau eru að gera. Umræða um sjálfræði væri gott innlegg í lýðræðið. Það hefði verið hægt að fá hugmyndir barnanna um hvernig ætti að velja umsjónarmann.

Könnunaraðferðin var notuð í nokkrum verkefnum.

Arnarsmári:

Unnið var eftir valkerfi. Börnin skiptast á að vera veðurfræðingar. Börnin taka þátt í matseðilsgerð. Afmælisbarn ákveður hvort það býður upp á popp, grænmeti eða ávexti. Skipulag á nýrri „deild“

Í vali getur ótakmarkaðpur fjöldi barna valið hvert svæði. Á föstudögum er valið enn víðara, opið flæði. Þá geta börnin valið allar deildirnar og öll svæðin í húsinu. Í vali voru stundum mörg börn sem völdu það sama. Þá skapaðist stundum milill hávaði. En börn sem þola illa hávaða læra fljótt að það borgar sig ekki að velja svæði sem margir eru á. Valinu var breytt þannig að nú mega börnin skipta um svæði þegar þau vilja og skilyrði er að þau spyrji ekki hvort þau megi skipta heldur gangi bara hljóðlaust að valspjaldinu og velji sér annað viðfangsefni. Veðurfræðingur tekur stöðu veðurs á hverjum morgni, útfærir dagatal og les hitastig. Hann ber einnig ábyrgð á fataherbergi. Elstu börnin ásamt matráði hjálpast að við að útbúa matseðil mánaðarins. Þau skoða fæðuhringinn m.t.t. þessa. Á sumarönn verður sérstök elstu barna deild með aðsetur í salnum. Börnin kusu um nafn á deildina og þau völdu leikefni fyrir deildina. Þau ákváðu hvar ætti að borða og hvað þyrfti að gera, t.d. sækja borð og stóla.

Ákveðið hefur verið að í sumar stjórnist starfið á þessari deild ekki af neinu nema áhuga og gleði og að njóta þess að vera enn í leikskóla.

Allir bæði börn og kennarar eru sammála um að valið sé frábært kerfi. Allir eru sælir og glaðir og miklu afslappaðri en áður. Börnin kunnu vel að meta þá auknu ábyrgð sem tilkoma veðurfræðings hafði í för með sér. Lítil reynsla er komin á nýju „deildina“ en strax er alveg augljóst að börnin eru hæstánægð með þetta nýja fyrirkomulag.

Álfatún:

Meginviðfangsefnið hvað varðar lýðræði í Álfatúni var val barnanna, bæði í einstökum þáttum svo og skipulögðu valkerfi. Þá var ýmislegt annað þróað s.s. hlutverk veðurfræðings, að börnin velja bók í samverustund, ákveða matseðil og vinna með könnunaraðferðina.

Á þessum vetri tók valið á sig aðrar og stærri myndir en árið áður. Það voru hugmyndir barnanna sem þróuðu verkefnið í þessa átt. Tillögur frá barni/börnum komu sem síðan voru ræddar á fundi með þeim og niðurstaða fengin að undangenginni atkvæðagreiðslu.

Áhersla var lögð á frjálst val barnanna í *Valinu*.

- Börnin settu reglur um fjölda þátttakenda á hverju valsvæði.
- Tillaga kom fram um að hafa dýr í sandinum sem er eitt af valsvæðunum

Á hverjum mánudegi var haldinn fundur með börnunum þar sem hvert barn ákvað verkefni fyrir vikuna. Verkefnin voru: leikir, leikrit, gönguferð, íþróttir og málun. Börnin völdu sér eitthvað af þessum verkefnum og skiptu þeim niður á vikudagana.

Tillaga kom frá barni þess eðlis að börnin skiptust á að liggja við hliðina á kennara í hvíld. Barnið bar þessa tillögu upp á fundi og var hún samþykkt. Barnið skrifaði lista með nöfnum barnanna og sá um að skrá með krossi við nafn þess /þeirra sem lögju við hliðina á kennaranum í hvíldinni.

Um fjöllum og samantekt

Eins og sjá má var það hin fjölbreytilegasta vinna sem fram fór í leikskólunum varðandi það að auka lýðræði barnanna. Athyglisvert er hve ábyrgðarþátturinn skipar stóran sess í lýðræðisverkefnunum, einnig persónulegur sjálfsákvæðanaréttur.

Verkefnin hafa verið unnin á mismunandi hátt og gefið mismikið vægi í hverjum leikskóla.

Verkefnastjórnarnir greina ýmsar breytingar hjá börnunum. Sumir nefna að börnin hafi lært að taka tillit hvort til annars og eigi auðveldar með að tjá tilfinningar og þarfir.

Ýmsir nefna að börnin séu sjálfstæðari, treysti meira á sig sjálf, t.d. við að leysa ágreining.

Ábyrgðarkennd þeirra og samvinnuhæfni jókst. Þau séu meðvitaðri um eigin vilja og eigin ákvarðanir. Þau lærðu ýmis konar lýðræðislegar aðferðir sem hópur getur notað til að taka ákvarðanir og eiga nú frumkvæði að því að nota þær. Einn verkefnastjóri nefnir að verkefnið hafi orðið til þess að styrkja þau börn sem voru óframfærin

Nokkrir verkefnastjórnar tala um að starfið hafi orðið léttara fyrir kennarann, en greinilegt er samt að það þarf að halda vel utan um lýðræðishugmyndina, sérstaklega í byrjun. Eins og einn verkefnastjórinn segir: „Það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja“. Í ljós kom í a.m.k. einum leikskóla að þegar erfiðleikar og mannekla er í leikskólanum er tilhneiging til þess að takmarka sjálfsákvæðunarrétt og ábyrgð barnanna. Er það í raun í mótsögn við það að verkefnastjórnarnir telja að lýðræðislegar áherslur létti starfið. E.t.v. hafa aðferðirnar ekki verið orðnar nógu fastar í sessi og börnin ekki farin að líta á ábyrgð sína sem sjálfsagðan hlut. Hugsanlegt er einnig að ekki hafi allir starfsmenn verið nægilega meðvitaðir um hvað var verið að gera og hversvegna.

Vinnan með lýðræði í 16 leikskólum Kópavogs hefur myndað einskonar hugmyndabanka þar sem leikskólarnir geta notið góðs af starfi hvers annars.

Margir verkefnastjórnir tiltaka að unnið hafi verið með lýðræði á margvíslegan hátt fyrir. Er ekki ólíklegt að lýðræðisverkefnið hafi opnað augu einhverra fyrir þessum þáttum í starfinu almennt. Í ljós kom hjá sumum verkefnastjórum að hugsunin um lýðræði svo og þau viðfangsefni sem tekin voru fyrir yfirfærðust á aðra þætti starfsins. Stundum var það að frumkvæði barnanna. Fram kom hjá sumum að misjafnlega gekk að fá aðra starfsmenn til að vera með í verkefninu en í raun er þátttaka allra forsenda fyrir hámarksárangri. Fram kom hjá ýmsum að verkefnið stóð og féll með kennurunum, ef þeir stóðu sig þá gekk vel. Börnin stóðu undantekningalaust undir væntingum og minntust margir verkefnastjórar á að framgangur barnanna hefði komið þeim á óvart.

Saga úr Arnarsmára:

Elstu börnin voru að semja sögu. Í söguni var strákur sem hét Kalli. Um þetta voru allir sammála. Þegar það kom hins vegar að því að ákveða hversu gamall Kalli var kom upp ágreiningur. Börnin sem voru orðin 6 ára vildu að hann væri 6 ára, en þau sem enn voru 5 ára vildu að Kalli væri 5 ára. Kennarinn bað þau sem vildu að Kalli væri 6 ára að rétta upp hönd. Kennarinn taldi upphátt og það voru 5 hendur. Svo bað kennarinn þau sem vildu að Kalli væri 5 ára að rétta upp hönd og 4 börn réttu upp hönd og kennarinn taldi aftur. Kennarinn sagði þá: „Það eru 5 börn sem vilja að Kalli sé 6 ára og 4 börn sem vilja að hann sé 5 ára. Hvað eigum við þá að hafa hann gamlan?“ Þau sem höfðu viljað að hann væri 6 ára sögðu að hann ætti að vera 6 ára og hin sögðu að hann ætti að vera 5 ára. Svona gekk þetta í skamma stund „6 ára, 5 ára, nei 6 ára, nei 5 ára“ þar til ein úr 6 ára hópnum sagði hátt tog skýrt: „Ég veit, höfum hann bara 65 ára“ og allir samþykktu það á stundinni.





Leikskólanám

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri barnhverfri hugmyndafræði og hugmyndir eru sóttar til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða. Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og jafnframt helsta kennsluáferð leikskólakennarans.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtinnast hjá barninu. Þessir meginþættir varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Leikskólanám er:

- **Nám í leik**

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna.

- **Nám í daglegu lífi í leikskóla**

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu.

- **Nám í samskiptum**

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

• **Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun**

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi.

• **Einstaklingsnám**

Hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

Leikskólakennarinn bregst við hverju einstöku barni, hvetur það og styður í þekkingarleit sinni.

(Námskrá leikskóla Kópavogs).

Við mismunandi viðfangsefni byggja börn upp ólíka þekkingu og færni. Sem dæmi má nefna að:

- Í þykjustuleik ávinna þau sér táknhæfi sem er forsenda þess að geta t.d. unnið með óhlutbundna þætti s.s. bókstafi. Þau læra að setja sig í spor annarra
- Í samverustund takast þau á við tungumálið, menningararfinum er komið til skila, þau taka þátt í umræðum og læra að rökstyðja skoðanir sínar. Þau ávinna sér þekkingu á bókmenntum s.s. um höfund og þá sem myndskreyta bækur, ritmálshefð s.s. texta og lesátt og uppbyggingu s.s. sögusviði og persónum
- Í hópavinnu læra börnin að vinna saman að sameiginlegu markmiði. Þau læra að skipta með sér verkum. Börnin sjá texta sinn skráðan og ávinna sér þekkingu á rituðu máli og hvernig það er samansett (úr bókstöfum). Þau gera sér grein fyrir tengslum talaðs máls og ritaðs og setja fram tilgátur varðandi bókstafi og vinna með hljóðgreiningu
- Í kubbaleik ávinna börn sér efnislega þekkingu með því að meðhöndla kubba. Táknbundin hugsun birtist í því að láta kubba vera eitthvað annað í „þykjustunni“. Börnin vinna með rúmskynjun og rök-stærðfræðilega hugsun með því að taka eftir því sem er líkt og ólíkt, stærðir, flokkun o.fl.
- Hópleikir stuðla að vitrænum og félags- og siðgæðislegum þroska. Í regluleik koma börnin sér saman um reglur og sætta sig við þær. Þegar ágreiningur kemur upp vinna börnin úr honum til að leikurinn geti haldið áfram
- Margskonar spil stuðla að stærðfræðiskilningi, s.s. eins og meira en/minna en og jafnt og, talnaskilningi, talnaröð, magnskilningi. Sum spil og leikir t.d. feluleikur, kalla á að börnin ígrundi sjónarmið annarra.
- Í myndlist kanna börn eiginleika ýmissa efna og vinna með fjölbreytt áhöld. Táknhæfi eykst í t.d. teikningu og þau vinna með rök-stærðfræðileg tengsl þegar þau taka eftir hvað er líkt og ólíkt t.d. hvað varðar áferð, lit o.fl.
- Með því að hafa ritmál sýnilegt læra börnin að þekkja orð eins og nafnið sitt og orð yfir ýmsa staði og hluti

Áhersluþættir í Aðalnámskrá leikskóla (1999) eru þeir sömu og í flestum nágrannalöndum okkar. Leikur, umönnun, samskipti og lífsleikni ásamt námssviðum eins og málrækt, hreyfingu, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi og menningu.

Leikskólafræðin byggjast á kenningum fræðimanna sem telja að maðurinn öðlist þekkingu á öllum sviðum mannlegs skilnings með því að fást við tilveruna, bæði hluti, fólk og tilfinningar og túlka það á sinn persónulega hátt. Þess vegna leggja leikskólar mikla áherslu á innri hugarstarfsemi/virkni hugans sem byggist á áhugahvöt barnsins en minni áherslu á „framleiðni“. Það sem gerist innra skiptir meira máli en það sem gerist ytra (Katz, 1995).

Því yngri sem börnin eru því fjölbreyttari þurfa kennsluaðferðirnar að vera. Allir þroskaþættir barnsins þróast með samvirkni barnsins við umhverfið. Barnið lærir af eigin reynslu við að taka frjálst þátt í hinum ýmsu viðfangsefnum. Þetta á jafnt við um félags- siðgæðis- og tilfinningaþroska og vitsmunuþroska.

Nám í leikskóla er ætlað að búa börnin á fjölbreyttan hátt undir lífið og það sem bíður þeirra. Leikskólanám í sinni bestu mynd er samfelld lífsleiknistarf.

Það má segja að í leikskóla sé verið að skapa eða móta góðan námsmann. Tony Bertram og Cristine Pascal (2002b) hafa sett niður það sem þau segja einkenni árangursríks námsmanns. Þau leggja áherslu á þrjá grundvallarþætti:

1. tilfinningalegt jafnvægi
2. félagsfærni og sjálfsmynd
3. tilhneigingu til náms.

Með tilfinningalegu jafnvægi er átt við þætti eins og tilfinningalæsi, innri styrk, finna sig sem hluta af heild og sjálfsvirðingu.

Undir félagsfærni flokkast t.d. traust tengsl við aðra, samhygð, ábyrgðarkennd, sjálfsvitund og það að gera sig tildandi.

Tilhneigingu til náms felur m.a. í sér sjálfstæði, sköpun, áhugahvöt og seigla.

Leikskólanámi má líkja við grunnni að húsi. Það veltur á hversu vandaður hann er hversu hátt er hægt að byggja. Ef kastað er til höndum varðandi grunninn og veggir byggðir of fljótt er vissulega hægt að búa fyrir á 1. hæðinni, en það verður aldrei hægt að byggja eins hátt og hættara er við að brestir komi í veggina.





Nám fimm ára barna

Ákvarðanir um menntun þurfa umfram annað að byggjast á faglegum sjónarmiðum um hvernig börn/fólk lærir best og mest á viðkomandi aldursskeiði. Menntun er langtímamarkmið. Börnin í dag munu skapa þjóðfélag framtíðarinnar. Enginn veit hvernig það þjóðfélag verður, það eitt er víst að það verður ólíkt þjóðfélagi dagsins í dag. Það þarf því að stuðla að því að börnin verði hæfir, virkir, skapandi, hugsandi og hamingjusamir einstaklingar sem eru færir um að vinna með öðrum, mæta því óþekkta og móta samfélagið til bóta.

Fimm ára börnin í leikskólanum eru ásamt sex ára börnunum í grunnskólanum, á mörkum skólastiga. Þroski þeirra og þekkingaröflun beinist að því að undirbúa þau undir lífið, og það næsta sem fimm ára börnin í leikskólanum þurfa að takast á við í lífinu er grunnskólinn.

Á síðast ári leikskólans finna börnin fyrir sérstöðu sinni. Sú sérstaða birtist í þeirri ábyrgð og þeim réttindum sem felast í því að vera elstur. Börnin upplifa sig sem fyrirmyndir og mikilvæg fyrir skólastarfið og yngri börnin. Þessi tilfinning byggir upp sjálfstyrk og ábyrgðarkennd sem er eitt besta veganesti út í lífið sem til er.

Þroskastig

Samkvæmt vitþroskakenningu Piagets eru fimm ára börn á því þroskastigi sem einkennist af hlutbundinni hugsun þar sem börnum gengur betur að vinna úrlausnir hafi þau einhvern efnivið til að vinna með og handfjatla. Þau eiga afar erfitt með táknbundna hugsun sem er forsenda þess að geta lesið, skrifað og reiknað í venjulegum skilningi þess orðs (Sigurjón Björnsson 1992). Fimm ára börn eru elstu börn leikskólans og hluti af leikskólastarfinu miðast við að þroska táknbundna hugsun m.a. leikur með kubba, spil og ýmiss verkefnavinna og skapandi starf (Mandell Morrow 2001; Peck, McCaig og Sapp 1991).

Félagsþroski

Í leikskólastarfi er mikil áhersla lögð á félagsþroskann og samskipti og samvinnu barnanna. Rannsóknir út frá tilfinningagreind hafa sýnt fram á fylgni á milli tilfinningalegrar og félagslegrar hæfni og frammistöðu í námi. Félagsþroski hefur víðtæk áhrif á líðan og getu barns á öðrum sviðum, barn sem á erfitt með samvinnu og tengsl við önnur börn er líklegt til þess að eiga í erfiðleikum með nám. Barn með góða félagsfærni líður að öllum líkindum vel og vellíðan eykur líkurnar á aukinni námsgetu. (Seefeldt, 2001; Goleman, 1995; Berns, 2001). Þunglyndi og kvíði er af mörgum talið vaxandi vandamál í þjóðfélaginu. Að læra að njóta lífsins og gleðjast í nútíðinni er mikilvægt markmið í menntun leikskólabarna.

Sjálfræði

Sjálfræði er mikilvægt hugtak í uppeldi og menntun. Sumir ganga svo langt að telja það meginmarkmið menntunar (Kamii 1985). Sjálfræði er að stjórna af sjálfum sér í mótsögn við ósjálfræði, því að stjórna af öðrum. Sjálfræði er ekki það sama og algert frelsi, heldur tekur einstaklingur sem býr yfir sjálfræði tillit til þeirra sjónarmiða sem máli skipta og fyrir liggja þegar hann tekur ákvarðanir. Sjálfræði tengist í senn tilfinningum, félagshæfni, siðgæði og vitrænum þroska. Sjálfráður einstaklingur metur gildi samvinnu við aðra, sýnir gagnkvæma virðingu og virðir sammannleg gildi (Sesselja Hauksdóttir 2001:18).

Niðurstöður úr ýmsum langtíma rannsóknum á skólastarfi benda til þess að áhersla á sjálfræði 5-6 ára barna í þekkingarleit sinni leiði til langvarandi áhrifa á námsgetu á seinni skólastigum (Peck, McCaig og Sapp 1991). Börn sem voru í skólum sem störfuðu í anda hugsmíðahyggju, en sjálfræði er þar mikilvægt hugtak, gátu betur rökstutt svör sín og höfðu meiri stærðfræðilegan skilning en börn sem höfðu hlotið menningarmiðlunarkennslu. Þau gátu svarað erfiðari og flóknari spurningum sem reyndu á ályktunarhæfni (Kamii 1985).

“...félags- og siðgæðisþroski sem einkennist af sjálfræði verður þróaðri í hópi barna ef kennarinn dregur eins og kostur er úr stýringu og valdi og stuðlar að verkefnum sem börnin hafa áhuga á, svo og sjálfræði” (DeVries, Reese-Learned og Morgan 1991: 501).

Samkvæmt rannsóknum eykur áhersla á sjálfræði jafnframt getu barna og þroska á öðrum sviðum. Áhrifin virðast langvarandi. Börn sem eru í leikskólum (og kindergarden) þar sem megináhersla er lögð á hefðbundnar námsgreinar fá í sumum tilfellum hærri einkunnir í fyrsta bekk en áhrifin eru ekki langvarandi (Sesselja Hauksdóttir 2001: 30).

Áhrif mismunandi kennsluhátta

Það hefur oft verið deilt um hvers konar kennsluhættir og leiðir séu árangursríkastar í skólastarfi. Niðurstöður úr rannsóknum á langtímaáhrifum ýmissa kennsluhátta í leikskólum benda til þess að ávinningur af einhæfum, kennarastýrðum verkefnum þar sem áhersla er lögð á námsgreinar, er skammvinnur og varir ekki lengur en til 3. bekkjar. Það sem einkenndi börn

úr slíku námsumhverfi var skortur á sjálfsaga og lakari félagsleg hæfni (DeVries; Haney og Zan, 1991) og meiri líkur á námsleiða og lélegri sjálfsmynd (Katz, 1987). Þessar niðurstöður staðfesta Peck; McCaig og Sapp í bókinni *Kintergarten Policies: What is best for children?* (1991), sem er samantekt rannsókna á því hvernig skólastarf er best með fimm ára börnum (kindergarden). Þá skiptir miklu máli að starfið hafi tilgang í huga barnsins. Því yngri sem börnin eru því tengdari á viðfangsefnið að vera við daglegt líf þeirra (Card; Katz, 1990). Í skýrslu vegna Pisa rannsóknarinnar á vegum OECD frá árinu 2000 kemur fram að jákvætt viðhorf til skólans, sterk áhugahvöt, sjálfstraust, hvernig börnin vinna og hve mikil áhrif þau telja að þau hafi á nám sitt hefur mikil áhrif á námsframgang barna og líðan (OECD – Pisa, 2000).

Í skýrslu OECD – Pisa rannsókn, sem gefin var út 2004, kemur fram að finnskir unglingar standa sig hvað best í heiminum. Þar hefst skólaskylda í grunnskóla við 7 ára aldur en 6 ára börnin eru í leikskólum. Í viðtali við íslenskan grunnskólakennara sem starfar í Finnlandi kemur fram (varðandi stærðfræði) að ýmis hjálpartæki eru notuð til að þjálfa rökhugsun og reikning s.s. spil og þrívídd. „Bækurnar ganga mikið út á að þjálfa rökhugsun og leysa vandamál, skilja af hverju tveir plús tveir eru fjórir. Það hefur skilað sér mjög vel“. Finnsk börn standa sig einnig vel í lestri enda er finnskan er mjög hljóðrétt mál eins og íslenskan. Börnum er kennt að lesa í atkvæðum og börnin klappa sig í gegnum orðin til að finna út hvernig þau skiptast í atkvæði (Fréttablaðið 11. des. 2004. bls. 12). Þetta minnir óneitanlega á kennsluáferðir leikskóla.

Í skýrslu starfshóps á vegum leikskóla Reykjavíkur frá 2001, Elstu börnin í leikskólanum – Tengsl leikskóla og grunnskóla, er gerð góð grein fyrir rannsóknarniðurstöðum varðandi áhrif mismunandi leikskólastarfs með 4-5 ára börnum. Hér á eftir fer útdráttur um þetta atriði:

„Komið hefur í ljós að leikskólastarf, sem tekur mið af barnhverfri hugmyndafræði, er í flestum tilfellum árangursríkara þegar til lengri tíma er litið, en leikskólastarf sem er kennarastýrt og námsgreinamiðað“ (bls. 42).

„Rannsóknir hafa leitt í ljós að það eru einkum foreldrar, en ekki fagfólk sem leggja áherslu á akademískt nám ungra barna.....er stefna NAEYC t.d. í algjörrri andstöðu við akademískar áherslur, þar sem megináherslan er lögð á að miða námið við þroska barna og áhuga.“

„Niðurstöður rannsóknar á 62 leikskóladeildum í 52 bandarískum leikskólum benda til að börn í leikskólum sem aðhyllast námsgreinamiðaða hugmyndafræði, sýni nokkra yfirburði í þekkingu á bókstöfum. Hins vegar kom í ljós að þau eru oftast óörugg, eru háðari fullorðnum um leyfi og viðurkenningu og hafa meiri áhyggjur af skólagöngunni en börn í barnhverfum leikskólum.“

Í rannsókn á 90, 4ra og 5 ára börnum bentu niðurstöður til þess „að akademískar áherslur í leikskólum hafi ekki varanlegan ávinning í för með sér þegar til lengri tíma er litið. Í ljós kom að

börn sem fengu akademíska þjálfun í leikskólum virtust vera síður skapandi, kvíðnari, í lélegra tilfinningalegu jafnvægi og neikvæðari gagnvart skólagöngunni en jafnaldrar í öðrum leikskólum.“

Rannsókn á 227 4ra til 6 ára börnum sýndi að „Börn í námsgreinamiðuðum leikskólum höfðu meiri þekkingu og færni á bókstöfunum og í ritmálinu, en ekki á tölum og tölustöfum. Hins vegar voru þessi börn háðari fullorðnum, höfðu lélegra sjálfsmat og höfðu meiri áhyggjur af skólagöngunni“.

Í lok kaflans segir:

„Aðrar rannsóknir á mismunandi leikskólaáætlunum sýna svipaðar niðurstöður. Kennaramiðuð færniþjálfun virðist ekki skila sér til lengri tíma horft. Hins vegar er hætta á að aðrir mikilvægir þættir verði útundan svo sem tilfinninga- og félagsþroski og hætta er á álagi og kvíða í skólagöngunni.“ (bls. 43).

Sem dæmi má vísa í rannsókn sem birt var 2002 þar sem voru borin saman áhrif mismunandi leikskóladvalar á námsárangur barna. Um var að ræða leikskóladvöl fjögurra ára barna sem svo voru rannsökuð 8 – 9 ára. Enginn munur reyndist á þörf fyrir sérkennslu eftir því í hvers konar leikskólastarfi börnin voru. Þegar börnin voru átta ára var enginn munur á hæfni barnanna í hefðbundnum námsgreinum, en 9 ára fengu börnin sem höfðu verið í námi sem tengdist meira hefðbundnum námsgreinum (academically directed) marktækt lægri einkunnir en þau sem höfðu verið í þroskamiðuðum leikskóla. Betri árangur þeirra virtist byggjast á virkara, barnmiðaðra námsumhverfi og reynslu (Marcon 2002).

Rannsóknir á starfsemi heilans

Rannsóknir á starfsemi heilans sýna fram á að á fyrstu ævimánuðunum og árunum mótast heili barnsins að miklu leyti og að atlæti þess og umhverfi á þeim tíma hafi úrslitabýðingu um hvernig og í hve ríkum mæli það gerist.

Hæfileg örvun og fjölbreytt reynsla barna á fyrstu æviárunum er grundvallaratriði því líkaminn losar sig við þær heilafrumur sem hann ekki notar. En streita í lífi barna hefur neikvæð áhrif á heilann, við streitu og kvíða myndast hormónið cortisol og mikið magn þess beinlínis drepur heilafrumur og brýtur niður tengsl milli þeirra. Börn eru sérstaklega viðkvæm gagnvart áhrifum cortesols. Kvíði og spenna veldur því einnig að einstaklingur getur ekki meðtekið eða lært.

Umönnun og atlæti barna, öryggi, traust, sterk tengsl og vellíðan á fyrstu árunum hefur því úrslitabýðingu fyrir þróun heilans.

Leikskólaaldurinn er ekki tíminn til að ávinna sér beina þekkingu heldur fremur til að byggja upp heilann sem „tæki“ eða „verkfæri“ til að hann geti alla ævina verið að afla sér þekkingar. Börnin þurfa að fást við fjölbreytt viðfangsefni til þess að nota sem flestar heilafrumur og mynda sem flest tengsl. Þetta gerist best og mest í frjálsum leik og í samskiptum við börn og fullorðna. Börnin þarfnast einnig sterkra jákvæðra tengsla við þá sem annast það og styðja, þannig að komið sé í veg fyrir streitu og þar með myndun cortesols. Streita, kvíði og vanlíðan getur orsakast af því að of miklar kröfur eru gerðar til barnsins (Rima Shore. 1997).

Hefðbundnar grunnnámsgreinar

Þegar rætt er um hefðbundnar grunnnámsgreinar er oftast átt við lestur/læsi, skrift/ritun og stærðfræði. Eins og áður sagði er leikskólastarf ekki námsgreina miðað en það þýðir alls ekki að þessum þáttum sé ekki sinnt eða eigi ekki að sinna. Málið snýst um hvernig það er gert og hvaða þætti þessara námsgreina er verið að vinna með. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því ætti að vera ljóst að þar skal vinna með undirstöðu þessara námsgreina. Einnig er unnið með texta og stærðfræðilega þætti í daglegu starfi. Edwards, C.k, Gandini, L. & Forman (1995) segja um þetta: „Verkefni sem eru undirbúningur fyrir hefðbundnar námsgreinar (Preacademic) geta líka haft ávinning í för með sér en aðeins ef þau koma fram vegna áhuga barnanna. Það á ekki að nota beina kennslu t.d. eins og að börnin sitji kyrr og þeim séu kennd hljóð bókstafanna. Ef undirbúningsverkefni fyrir námsgreinar eru hluti af annarri vinnu

barnanna þegar þau byggja upp þekkingu og leika sér þá eru þau góð. Þannig þróast ritun vegna þess að börnin vilja skrifa skilaboð til vina sinna eða pabba og mömmu. Stærðfræðileg hugsun þróast þegar börnin eru t.d. að leggja hæfilega mörg glös á borðið í matartímanum.“ (bls. 59)

Dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Khí segir lestur/læsi skiptast í þrjú svið, sem öll séu mikilvæg til að ná góðri lestrarfærni. Það fyrsta er hljóðvitund, s.s. að greina stöðu hljóða í orði og tengja hljóð og bókstaf. Annað er orðaforði og þriðja er hæfni til að tjá sig í samfelldu máli, eða orðræðuhæfni. Hrafnhildur segir að mikil áhersla sé lögð á hljóðvitund, einkum í grunnskólanum, sem hafi sinnt því verkefni vel, en á síðari árum einnig í leikskólum. Hrafnhildur segir að leikskólinn hafi yfirleitt sinnt því vel að byggja upp orðaforða barna, en grunnskólinn síður. Orðræðuhæfni hafi aftur á móti verið minna sinnt á báðum skólastigum, sérstaklega í grunnskólum. Hrafnhildur telur að leikskólinn ætti að setja í forgang að auk orðaforða og orðræðuhæfni (2005).

DeVries og Zan (1991) telja að samskonar umhverfi og aðferðir eigi við varðandi nám hefðbundinna námsgreina og félags- og siðgæðislegs náms. Virkni barnsins og áhugahvöt sé í fyrirrúmi þarna eins og annarsstaðar.

Nokkur umræða hefur átt sér stað um tungumálanám í leikskólum. Samúel Lefever, lektor við Khí telur (2005) að í leikskóla eigi að efla vitund barna um erlend tungumál, börnin eigi að læra að virða önnur tungumál og fólk sem talar þau, með því t.d. að leika sér með orð. Með því móti sé verið að ala upp fólk sem býr yfir hæfni til að læra erlend tungumál.

Skólaganga fimm og sex ára barna í ýmsum löndum

Langflest íslensk fimm ára börn eru í leikskólum eða 91% (Hagstofa Íslands, 2004). Hér á eftir er gerð grein fyrir skólagöngu 5 og 6 ára barna í nokkrum löndum:

Noregur: Fimm ára börn eru í leikskólum og leikskólaganga er ekki alveg jafn algeng og hér á landi. Sex ára börn fluttust í grunnskóla 1997, en áður höfðu þau verið í leikskólum. Nám 6 ára barnanna á að byggja á hefðum bæði leik- og grunnskóla og tekin voru 10 ár í að þróa námskrá 6 ára barna áður en þau voru flutt í grunnskólann.

Svíþjóð: Skólaskylda hefst við 7 ára aldur.

Danmörk: Skólaskylda hefst við 7 ára aldur. Nær öll 6 ára börn sækja svokallaða „börnehaveklasse“ sem starfræktir eru innan grunnskólans og yfirleitt annast leikskólakennarar kennsluna. Fram að þeim tíma eru börn í leikskóla.

Finnland: Skólaskylda frá 7 ára. Yngri börn eru í leikskóla eða einhverskonar dagvistun.

Frakkland: Skólaskylda er frá 6 ára aldri en öll börn fara í leikskóla frá 3ja ára aldri. Leikskólar starfa í nánnum tengslum við grunnskóla.

Skotland: Skólaskylda hefst við 5 ára aldur og eru börnin í sérbekkjum innan grunnskólanna. Stefna er að bjóða öllum börnum leikskóla frá 3ja ára aldri.

Bandaríkin: Skólaskylda hefst við 6 ára aldur, en flest 5 ára börn sækja „kindergarten“ sem eru í flestum tilfellum bekkir innan grunnskólanna. (Leikskólar Reykjavíkur 2001).

Leikskóli og grunnskóli – ólíkir og líkir. Tengsl skólastiga

Leik- og grunnskólar byggja að mörgu leyti á ólíkri uppeldis- og kennslufræðilegri hefð. Leikskólastarf byggir á barnhverfri hugmyndafræði þar sem þroski og þarfir barnsins eru í fyrirrúmi. Leikurinn er meginnámsleið barnsins og kennslutæki leikskólakennarans. Grunnskólinn byggir á kennslumiðaðri hugmyndafræði þar sem formlegt nám barnsins er í brennidepli. Að sjálfsögðu er útfærslan mismunandi eftir skólum.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er kafli um tengsl leik- og grunnskóla. Þar er lögð áhersla á að skólarnir hafi samstarf með það að leiðarljósi að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins. Leik- og grunnskólakennurum er ætlað að þekkja vel starf skóla (leik- og grunn-) og áherslur í kennslu og uppeldi. „Því betri samfella sem er á milli skólastiganna, því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 1999:9). „...mikilvægt að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:33).

Í Kópavogi hafa skólanefndir leik- og grunnskóla lagt áherslu á samvinnu milli leik- og grunnskóla. Hafa allir skólar með sér formlegt samstarf en mismikið og í ólíku formi.

Í fyrirlestri á vegum félags leikskólafulltrúa þann 29. apríl 2004 rakti Dr. Jóhanna Einarsdóttir niðurstöður erlendra rannsókna á mismun á starfi leikskólakennara og grunnskólakennara:

- Leikskólakennarar lögðu meiri áherslu á félagsleg samskipti og tjáskipti heldur en kennarar í forskóla (kindergarten) bekkjum, sem lögðu meiri áherslu á aga, stjórnun og að börnin færu eftir fyrirmælum. (Hains, Fowler, Schwartz, Kottwitz og Rosenkoetter, 1989)

- Skólastjórar og grunnskólakennarar töldu að börn í fyrstu bekkjum grunnskóla og forskóla (kindergarten) ættu að nota mestan tíma í skólum í kennarastýrð verkefni. Kennarar í forskólabekkjum (kindergarten) og leikskólum lögðu á hinn bóginn meiri áherslu á leik. (Fuqua og Ross, 1989)

- Eftir því sem börn urðu eldri fengu þau færri tækifæri til að velja og bera ábyrgð á eigin námi. (Vartuli, 1999)

- Leikskólakennarar hvöttu börnin meira til að tala saman en kennarar í forskólabekkjum, einkum á meðan þau unnu verkefni sem skipulögð voru af kennara. (Hadley, Wilcox og Rice, 1994)

- Fyrsti bekkur var skipulagðari og stjórnaðist af kennslubókunum. Kennararnir skipulögðu kennslustundina fyrirfram og gættu þess að ekkert hindraði þá í framkvæma það sem þeir höfðu skipulagt. Þó svo að grunnskólakennararnir nefndu í viðtölum að þeir teldu mikilvægt að börnin ynnu saman, gerðist það ekki í raunveruleikanum. (Pramling, Klerfelt og Granel, 1995)

- Umönnun, leikur og samskipti eru í brennidepli í leikskólanum en námsgreinar og kennsluáðferðir í grunnskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2001, 2003; Rannveig Jóhannsdóttir, 1998) (Jóhanna Einarsdóttir 2004).

Á undanförunum árum hafa fjölmörg þróunarverkefni verið unnin og skýrslur gefnar út um tengsl leik- og grunnskóla og starf með elstu börnunum í leikskólum.

Hér á eftir verða nefnd nokkur:

Leikurinn á vísdom veit. Unnið á árunum 1989-1991. Verkefnisstjóri: Selma Dóra Þorsteinsdóttir

Verkefni elstu barnanna í Hlíðaborg. Unnið 1990-1991. Leikskólakennarar í Hlíðaborg.

Skýrsla um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi. 1991. Hálsaborg, Hálsakot og Jöklaborg.

Leikur og ritmál. Unnið árin 1993-1995. Verkefnisstjóri: Jóhanna Einarsdóttir

Leikskólinn Hlíðarberg og Setbergsskóli. 1995-1997. Verkefnisstjóri: Sigurborg Kristjánsdóttir.

Sameiginleg sýn tveggja skólastiga. 2002. Verkefnastjóri: Rannveig A. Jóhannsdóttir.

Samstarf leik- og grunnskóla í Vesturbæ Kópavogs. '01-'03. Verkefnastjóri: Guðrún Björnsdóttir.

Uppbygging námskrár fyrir elstu börnin í leiksk. Kóp. – námskrárgögn

Námskrá fyrir elstu börn leikskóla í Kópavogi lýsir því starfi og þeim námsþáttum sem börnin eiga að fá að takast á við. Námskráin er þannig ekki upptalning á færni- eða námsþáttum sem börnin eiga að hafa áunnið sér. Að hafa námskána í þessu formi er byggt á trú á það að með því að nýta virkni og áhugahvöt hvers barns sé tryggt eins og kostur er að þegar hvert barn tekst á við þroskavænleg verkefni ávinni það sér hámarks þekkingu og færni miðað við þroska og getu.

Námskráin tekur til allra þátta leikskólastarfsins því börn eru alltaf að læra – við allar aðstæður.

Námskráin og fylgiefni:

- a. Inngangur – rökstuðningur - hugmyndafræði
- b. Námskrárramma
- c. Skýringar og útfærsla á reitum í námskrárramma
- d. Skráningar og matseyðublöð með skýringum
- e. Dæmi um verkefni
- f. Skrá yfir lesefni

a. Inngangur – rökstuðningur - hugmyndafræði.

Rökstuðningur og hugmyndafræði birtist í skýrslu hér að framan.

b. Námskrárramma.

Námskráin byggist á og er unnin út frá námsviðum leikskólastarfs eins og þau eru sett fram í aðalnámskrá. Námsviðin eru tengd námsgreinum grunnskóla, þroskaþáttum og greindarflokkun sbr. fjölgreindarkenningu Howards Gardners.

Námskráin nær til allra þátta leikskólastarfsins. Verkefnum er því deilt á þætti í dagskipulagi. Upptalning í reitum í námskrárramma er hugsuð þannig að hægt sé að fylgjast með hverju er lokið og hverju ólokið. Hvenær skólaársins námsþættirnir eru unnir eða í hvaða röð er undir hverjum leikskóla komið. Verkefni/viðfangsefni eða námsþættirnir geta verið fjölbreytilegir og þróaðir í hverjum leikskóla, en tillögur að verkefnum sem reynst hafa vel munu fylgja námskránni. Sama viðfangsefnið getur tengst mörgum námskrárþáttum. Verkefni skulu alltaf byggjast á grundvallarviðhorfum (sjá hér að framan) og tengjast námskrárrammanum. Ætlast er til að öll börnin upplifi allt það sem fram kemur í námskrárrammanum.

c. Skýringar og útfærsla á reitum í námskrárramma

Þetta er ætlað til að auðvelda leikskólakennurum að vinna verkefni með börnunum, er einskonar hugmyndabanki, nánari lýsing eða skýring á hverjum reit námskrárrammans. Verkefnastjórar unnu þetta plagg að miklu leyti .

d. Skráningar og matseyðublöð með skýringum

Námskránni fylgja tvenns konar skráningarblöð. Annað blaðið er ætlað til skráningar á verkefnum eða viðfangsefnum. Hitt blaðið er til að meta virkni og áhuga hvers einstaks barns í verkefnunum. Matsblöðin byggjast eins og fyrr er sagt á því að séu börn að takast á við þroskandi viðfangsefni af áhuga, þá hámarki það nám þeirra.

e. Dæmi um verkefni

Skráning og lýsing á verkefnum sem unnin hafa verið með elstu börnunum í leikskólum Kópavogs. Áhersla er lögð á að þetta er lýsing á verkefnum en ekki uppskriftir sem fara beri nákvæmlega eftir.

f. Skrá yfir lesefni.

Skrá yfir lesefni er tvíþætt. Annars vegar heimildalisti vegna inngangs námskrárinnar og hins vegar skrá yfir lesefni sem tengist starfi með elstu börnum leikskólans. Sá listi getur að sjálfsögðu aldrei orðið tæmandi og sífellt er hægt að bæta við hann. Einnig fylgir skrá yfir vefköng þar sem finna má ýmislegt efni varðandi nám og starf fimm ára barna.

Útgáfa og dreifing

Eins og fram kom hér að framan hefur námskráin á vinnslustigi verið kynnt nokkuð víða og hlotið góðan hljómgrunn. Námskráin er fyrst og fremst ætluð til nota í leikskólum Kópavogs og því er ekki lögð sérstök áhersla á almenna útgáfu og dreifingu. Gögn námskrárinnar verða þó í því formi að hægt verður að hafa hana til dreifingar ef óskir koma um það.



Samantekt

Hér hefur verið lýst vinnu við gerð námskrár fyrir elstu börnin í leikskólum Kópavogs, fimm ára börnin.

Í fyrsta kafla, inngangi, er lýst aðdraganda að verkefninu og vinnunni við námskrárgerðina.

Í öðrum kafla er námskránni lýst. Farið er yfir markmið með námskránni, grundvallaratriðum að baki hennar o.fl.

Í þriðja kafla er lýst mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í starfi með börnunum og sagt er frá þróunarverkefni þar sem mótuð voru og reynd lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólum Kópavogs skólaárin '04-'05 og '05-'06

Í fjórða kafla er leikskólanámi lýst og í hverju sérstaða þess felst, þ.e. að læra gegnum leik, daglegt líf, samskipti og skapandi starf. Leikskólastarf er einstaklings- og þroskamiðað nám sem tekur til allra þroskaþátta. Rætt er um námsvið leikskólastarfs eins og þau birtast í Aðalnámskrá leikskóla og fram kemur að leikskólanám í sinni bestu mynd er samfellt lífsleiknistarf.

Í fimmta kafla er lýst þroskastigi fimm ára barna, hvaða grundvallaratriði gilda varðandi nám þeirra og um þroskun heilans á þessu aldursskeiði. Lýst er langtímarannsóknum á starfi með fimm ára börnum og áhrifum mismunandi kennsluhátta. Rannsóknir sýna að fimm ára börn læra mest og best ef starfið byggist á hugmyndafræði leikskólastarfs. Í samfélagi örra breytinga og þróunar þarf að stuðla að því að börnin verði hæfir, virkir, skapandi, hugsandi og hamingjusamir einstaklingar sem eru færir um að vinna með öðrum, mæta því óþekktu og móta samfélagið til bóta. Einnig er lýst fyrirkomulagi náms fimm ára barna í nokkrum löndum.

Í sjötta kafla er rætt um leikskólanám og hefðbundið grunnskólanám og í hverju mismunur þessara skólastiga felst. Einnig er rætt um tengingu skólastiganna og samstarf leik- og grunnskóla og nefnd nokkur þróunarverkefni sem unnin hafa verið um samstarf. Í sjöunda kafla er námskránni og fylgiskjölum lýst.

Það hefur verið einstaklega lærdómsríkt og gefandi að vinna að þessu verkefni. Að vinna með verkefnastjórunum hefur leitt til þess að mismunandi sjónarmið koma fram og svo sterk tenging við vettvanginn hefur „haldið verkefninu á jörðinni“.

Nú þegar hefur verið tekin ákvörðun um að vinna upp námskrár í sama formi og þessi fyrir aðra aldurshópa í leikskólum Kópavogs. Haustið 2006 mun verða hafist handa með námskrá fyrir yngstu börnin.

Það er ósk okkar sem að þessu verkefni stöndum að námskráin verði árangursríkt tæki til að styðja leikskólakennara í leikskólum Kópavogs við að byggja upp gott starf með elstu börnunum, þannig að þau megi þroskast sem best, læra sem mest og njóta lífsins.

Kópavogi 15. ágúst 2006.

Fyrir hönd starfshóps um námskrá elstu barnanna í leikskólum Kópavogs.

Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogs.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.
- Ayers, William. 1993. *To Teach, the Journey of a teacher*. Útg: Teachers College Press. Columbia University. New York, USA.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. 2000. Veffang: <http://www.barnaheill.is/barnasattmali.html>
- Berns. Roberta M. 2001. *Child Family, School Community Socialization and Support*. Útg. Harcourt, Inc.
- Bertram, T. og C. Pascal. 2002b. What counts in early learning. Í B. Spodek og O.N.Saracho (ritstj.), *Contemporary Perspectives on Early Childhood Curriculum* (bls. 241-260). Greenwich, Ct: Information Age.
- Bredenkamp, Sue and Carol Copple, Editors. 1997. *Developmentally Appropriate Practice – in Early Childhood Programs* Whashington D.C. NAEYC,
- Chard, Sylvia; Katz, Lilian. 1990. *Engaging Childrens Minds: The Project Approach*. Ablex Publishing Corporation USA
- DeVries; Haney og Zan, 1991. *Moral Classrooms, Moral children: Creating a Constructivist Atmosphere in Early Education*. N.Y. Teachers College Press.
- DeVries, Rheta, Halcyon Reese-Learnd og Pamela Morgan. 1991. Sociomoral development in direct-instruction, eclectic and construtivist kindergardens: A study of children's enacted interpersonal understanding. *Early Childhood Research Quarterly* 6:473-517.
- Edwards, C., Gandini.L. & Forman. 1995. *The Hundred Languages of Children*. New Jersey: Ablex.
- Félag leikskólakennara. 2000. *Leikskólafulltrúa*. Reykjavík, FÍL.
- Félag leikskólakennara. 2005. *Samþykkt af fulltrúaráðsþingi*.
- Goleman, Daniel. 2000. (1995). *Tilfinningagreind*. Áslaug Ragnars íslenskaði. Reykjavík, Iðunn.
- Hagstofa Íslands 2004. Netfang: <http://www.hagstofa.is/>
- Helga Þráinsdóttir. 2004. Þjálfarökhugsun. (Viðtal), *Fréttablaðið*, 11. desember.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 2005. *Málþroski leikskólabarna og tengsl hans við þróun læsis*. Erindi á málþingi Rannsóknarstofnunar Khí 6-7. okt.
- Jóhanna Einarsdóttir, 2004. *Stefnur og straumar í kennslu ungra barna*. Fyrirlestur á vegum Félags leikskólafulltrúa.
- Jones, Elizabet og Renatta M. Cooper. 2006. *Playing to Get Smart*. Teachers College, Columbia University.
- Kamii, Constance. 1985. *Young Children Reinvent Arithmetic: Implications of Piaget's theory*. New York, Teachers College Press.

- Kamii, Constance og Rheta DeVries. 1977. Piaget for Early Education. *Preschool in Action*. (Mary C. Day og Ronald Parker, ritstj.):363-420. Boston, Allyn & Bacon.
- Lefever, Samúel. 2005. *The role of language teaching – looking to the future*. Fyrirlestur í Khí, 9. febrúar.
- Leikskólar Reykjavíkur. 2001. *Elstu börnin í leikskólanum. Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Skýrsla starfshóps.
- Leikskólar Kópavogs. 2002. Grunnur að skólanámskrá leikskólanna.
- Lög um leikskóla, nr. 78/1994.
- Mandel Morrow, Lesley. 2001. *Literacy Development in the Early Years Helping Children Read and Write*, University of New Jersey USA
- Marcon, Rebecca A. 2002. *Moving up the Grades: Relationship between Preschool Model and Later School Success*. Tekið af netinu 2.2. 2005 <http://ecrp.uiuc.edu/v4n1/marcon.html>
- Partnership for 21st Century Skills <http://www.21stcenturyskills.org/>
- Peck ,Johanna T., Ginny McCaig, and Mary Ellen Sapp. 1988. *Kindergarten Policies. What is best for children?* Washington D.C. NAEYC
- Rima Shore. 1997. *Rethinking the Brain, New Insights into Early Development*. New York. Families and Work Institute.
- Seefeldt, Carol. 2001. *Social Studies for the Preschool/Primary Child*, Prentice Hallinc; Upper Saddle River, New Jersey USA.
- Sesselja Hauksdóttir. 2001. „É sjáll“ *Sjálfræði barna í leikskóla*. Kennaraháskóli Íslands. [Ópr. M.Ed.-ritgerð.]
- Skýrsla OECD – Pisa rannsóknin, 2000, (tekið af netinu 20. ágúst 2004)
- Veffang: www.pisa.org
- Washington Valora and Andrews, J.D. Editors. 1999. *Children of 2010*. NAEYC.

Fylgiskjöl:

1. Námskrárramminn.
2. Skráningar- og matsblöð
3. Skrá um lesefni
4. Veffangaskrá

..við höfum einfaldlega ekki hugsað nægilega vel um undirstöðu menntunar sem felst í því að læra að skynja og hugsa um veruleikann sem við erum hluti af. Áður en menn læra að gera eitthvað þurfa þeir að læra að skynja og að hugsa. Skáldskapur, vísindi og listir gegna því grundvallarhlutverki að gefa okkur kost á að þroskast og vera manneskjur í lifandi tengslum við aðrar lífverur og jörðina sjálfa. Eins og þú bendir á þá er það að vissu leyti skjiljanlegt að áherslan skuli hafa verið á það að framkvæma sem mest og hraðast. En við þurfum líka að kunna að staldra við, gefa okkur tíma til að skynja og hugleiða hvað mestu skiptir fyrir framtíðina.“ (Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands í viðtali í Lesbók Morgunblaðsins 12. febrúar 2005 (bls. 5).

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, 2005.
Lesbók Morgunblaðsins, *viðtal 12. febrúar 2005* (bls. 5)